

Fimmtudaginn 14. mars 1985.

Nr. 237/1984. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

**Hilmari Þorkelssyni**

(Páll A. Pálsson hrl.)

Tilraun til nauðgunar. Skilorð. Sératkvæði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Málinu var af ákærvalds hálfu skotið til Hæstaréttar 20. september 1984 til sakfellingar samkvæmt ákæru og til þyngingar á refsingu, en ákærði vildi hlíta héraðsdómi. Ágrip dómssgerða barst Hæstarétti 16. janúar 1985.

Ákærði greindi svo frá í skýrslu fyrir rannsóknarlögreglu, sem hann síðar staðfesti fyrir dómi, að hann gæti ekki neitað, að rétt væri frásögn Ó af atburðum, en sökum minnisleysis gæti hann ekki heldur játað, að svo væri. Þó viðurkenndi hann sig muna til þess að hafa reynt við stúlkuna, en alls ekki muna, hvernig það fór fram. Fyrir sakadómi sagði hann einnig, að hann hefði sjálfsagt eitthvað verið að reyna við stúlkuna, þó að hann myndi ekki, á hvern hátt það var. Þessi frásögn ákærða, að hann muni óljóst eða alls ekki, með hverjum hætti hann leitaði á Ó, eftir að komið var niður í kjallarann, er ekki trúleg, þegar þess er gætt, að ýmsa aðra atburði næturinnar virðist ákærði muna.

Nokkrar minni háttar ákomur voru á ákærða, og hefur hann ekki að öllu leyti verið sjálfum sér samkvæmur um það, hvernig þær hafi verið til komnar.

Enda þótt Ó bæri ekki áverka eða önnur sýnileg ytri merki um, að hún hefði lent í átökum, bendir ástand hennar og hegðun, er hún kom hálfnakin að Álfrólsvegi 43 eindregið til þess, að eitthvað mjög alvarlegt hafi komið fyrir hana um nóttina. Hún hefur frá upphafi verið sjálfri sér samkvæm í frásögn sinni um það, hvað gerðist milli hennar og ákærða, og unnið eið að framburði sínum.

Ekkert í málinu bendir til þess, að ótti hennar og skelfing og flótti hennar frá húsinu Álfhólsvegi 37 hafi stafað af öðru en samskiptum hennar og ákærða. Hann hefur kannast við að hafa leitað á Ó, eins og áður er sagt, þó að hann hafi hvorki talið sig geta játað né neitað frásögn hennar af þeirri viðureign að öðru leyti. Glerbrot og önnur ummerki á vettvangi í kjallara hússins á Álfhólsvegi 37 fá samrýmst frásögn Ó svo langt sem þau ná.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, telst sannað, að ákærði hafi gerst brotlegur við 1. mgr. 194. greinar, sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með vísan til 2. mgr. nefndrar 20. greinar þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 10 mánuði, en rétt er samkvæmt 57. grein a greindra laga, sbr. 9. gr. laga nr. 101/1976, að ákveða, að fresta skuli fullnustu 7 mánaða af þeirri refsingu og sá hluti hennar falla niður að 3 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. greinar almennra hegningarlaga, sbr. 4. grein laga nr. 22/1955.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns 15.000,00 krónur.

#### D ó m s o r ð :

Ákærði, Hilmar Porkelsson, sæti fangelsi 10 mánuði, en fullnustu 7 mánaða af þeirri refsingu skal fresta og falla niður að 3 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. greinar almennra hegningarlaga, sbr. 4. grein laga nr. 22/1955, haldið.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 15.000,00 krónur.

**S é r a t k v æ ð i**  
**hæstaréttardómaranna Guðmundar Skaftasonar og**  
**Halldórs Þorbjörnssonar.**

Ástand Ó að morgni 31. júlí 1982 bendir að vísu til þess, að eitt-hvað alvarlegt hafi komið fyrir hana um nóttina, og hún hefur staðfastlega haldið því fram, að ákærði hafi reynt að koma fram samförum við hana með ofbeldi. Ákærði hefur neitað því, að um nein átök hafi verið að ræða milli hans og Ó. Þykir framburður Ó eigi einn sér full sönnun þess, að ákærði hafi framið brot það, sem honum er gefið að sök, og er þess að gæta, að hvorki bar Ó sjálf né fatnaður hennar þess nein merki, að hún hefði verið beitt ofbeldi. Samkvæmt þessu teljum við, að sýkna verði ákærða af ákær- unni og ákveða, að sakarkostnaður í héraði og áfrýjunarkostnaður greiðist úr ríkissjóði. Um fjárhæð málsvarnarlauna erum við sam- mála atkvæði meiri hluta dómara.

Héraðsdómari hefur dæmt ákærða fyrir brot gegn 209. gr. almennra hegningarlaga, en það ákvæði teljum við eigi koma til á- lita, eins og hér hagar til.

**Dómur sakadóms Kópavogs 30. mars 1984.**

Mál þetta, sem dómtekið var 12. mars 1984, er höfðað af ákærvaldsins hálfu með ákæru, dagsettri 25. júlí 1983, „á hendur Hilmari Þorkelssyni, Álfrólsvégi 37 í Kópavogi, fæddum 28. október 1928 á Siglufirði, fyrir að hafa, aðfaranótt laugardagsins 31. júlí 1982, reynt að þröngva stúlkunni Ó..., fæddri ... 1962, með ofbeldi til holdlegs samræðis í kjallara húss ákærða, að Álfrólsvégi 37 í Kópavogi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaða- bóta og alls sakarkostnaðar.“

*Málavextir.*

Samkvæmt lögregluskýrslum, framburði ákærða og vitna eru málavextir þeir, að aðfaranótt laugardagsins 31. júlí 1982 fór Ó að Álfrólsvégi 37 í Kópavogi til þess að hitta BR sem leigði þar herbergi í kjallara.

Vitnið Ó hefur skýrt svo frá að hún hafi farið á dansleik umrædda nótt, en síðar sömu nótt fór hún heim með ónafngreindum vini sínum. Þaðan hringdi hún í unnusta sinn BR að Álfrólsvégi 37, en hann var ekki heima.

Stúlkan talaði við húsráðanda, Hilmar Þorkelsson, ákærða í máli þessu, og sagði hann að sögn stúlkunnar, að BR væri væntanlegur og að hún gæti komið og beðið eftir honum. Þetta gerði stúlkan og bauð ákærði henni inn, og þáði hún hjá honum áfengisglas, en hún þekkti eitthvað til ákærða fyrir. Þau röbbuðu saman nokkra stund, en þá fór stúlkunni að leiðast biðin og gekk því niður í kjallara, þar sem vinur hennar hafði herbergi, til þess að athuga, hvort hann væri kominn, en svo reyndist ekki vera. Stúlkan hefur skýrt svo frá, að ákærði hafi komið á eftir sér niður í kjallara. Hún hafi verið talsvert undir áfengisáhrifum. Þegar hún ætlaði að ganga upp úr kjallaranum, hafi ákærði ráðist á hana. Hún hafi slegist við ákærða, en að hann hafi verið sterkari en hún og skellt henni á bakið á þvottahúsgólfið. Hún hafi grátbeðið hann að láta sig vera, en hann hafi þrifið í buxur hennar og svipt þeim niður að hnjám lagst ofan á hana og farið sjálfur úr buxunum. Hún hafi reynt að halda lærunum saman og veitt alla þá mótspyrnu, sem hún mátti. Hún segist hafa hrópað á hjálp, eftir að hún kastaði áfengisglasi í áttina að andliti ákærða, en glasið kom ekki við hann, heldur brotnaði í mótstandandi vegg. Ákærða hafi ekki tekist að færa fætur hennar í sundur, þar sem buxurnar héldu hjánum saman, og einnig reyndi hún að bíta ákærða, bæði í hendur og andlit. Eftir að hún hrópaði á hjálp, hafi ákærði sett lófann fyrir munn og nef hennar, og hélt hann svo fast, að henni lá við köfnun, en með hinni hendinni tók hann um kverkar hennar. Í örvæntingu sinni datt henni í hug að best væri að losna við buxurnar, svo hún væri ekki í fótahafti. Hún hafi því sparkað af sér skónum og náð að sparka af sér buxunum, sem voru mjög þröngar á kálfum og með hælbandi. Við það hafi hún farið úr sokkunum. Hún hafi séð, að eina undankomuleiðin væri sú að þykjast vilja láta að vilja ákærða og því hafi hún sagt, að þetta væri ómögulegt og það væri best, að hún færi ofan á hann, því það væri miklu betra. Þá hafi ákærði sleppt henni og lagst á bakið, hinn ánægðasti á svipinn. Hún hafi þá staðið upp og hlaupið sem skjótast upp stigann út úr húsinu og eins og fætur toguðu að öðru eða þriðja húsi frá húsi ákærða. Þar hringdi hún á öllum dyrabjöllum og kallaði margsinnis á hjálp. Var þá opnað fyrir henni og kallað á lögreglu.

Hún varð mjög miður sín við þetta og segist hafa breyst tilfinningalega. Hún geti ekki verið í föstu sambandi við karlmenn og hafi óbeit á líkamlegum samskiptum við þá.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann og eiginkona hans hafi komið heim til sín kl. 23-23:30 þann 30. júlí 1982 frá sumarbústað þeirra við Úlfjótuvatn. Um miðnætti hófu þau áfengisdrykkju og horfðu á sjónvarp. Um nóttina hringdi Ó nokkrum sinnum til þeirra og spurði eftir BR. Fyrst svaraði konan tvisvar í símann, en eftir að hún farin upp að sofa, var enn

hringt, og svaraði ákærði. Spurði stúlkan þá, hvort hún mætti koma, og svaraði ákærði því játandi, þótt BR væri ekki heima.

Um kl. 3:00 kom stúlkan á heimili ákærða, og bauð hann henni áfengi, og þáði hún tvisvar í glasið. Hann var þá talsvert ölvaður, og að hans sögn var stúlkan það líka.

Ákærði segist síðan hafa farið niður í kjallara eftir dágóða stund, og ætlaði hann að hengja upp þvott. Stúlkan hafi þá elt hann niður í kjallara. Síðan hafi þau verið „eitthvað að bauka þarna í kjallaranum“. Þau hafi eitthvað verið að reyna samfarir, en það hafi ekki tekist, og hélt ákærði það stafa af því, hversu ölvaður hann var.

Aðdragandinn að þessu var ákærða óljós. Ekki mundi hann, hvort þeirra átti upptökin eða hvort hann fór úr buxunum, en engar samfarir hélt hann, að hafi farið fram, vegna þess hve ölvuð þau voru.

Hann vissi ekki, hvernig stúlkan fór út úr húsinu, og ekki mundi hann neitt frekar, fyrr en lögreglan kom, og hann opnaði fyrir henni.

Hann neitaði því að hafa ráðist á stúlkuna, og ennfremur hélt hann því fram, að engin átök hefðu átt sér stað milli þeirra. Hann minnti, að hún hefði sjálf farið úr buxunum.

Ákærði hefur staðfastlega haldið því fram, að hann hafi sagt stúlkunni, að BR væri ekki heima og líklega væri hann utanbæjar. Við sampröfun ákærða og stúlkunnar hélt ákærði því fram, að hann myndi ekki atburðarás. Hann mundi eftir að hafa reynt við stúlkuna, en alls ekki á hvern hátt.

Vitnið S, áður til heimilis að ..., Kópavogi, hefur skýrt svo frá, að eiginmaður þess hafi vakið það umrædda nótt, og sagði hann, að einhver væri að kalla á hjálp. Vitnið fór fram á gang, og var þar þá stúlka á ganginum, og var hún illa á sig komin. Hún var miður sín og hrædd, og tók það nokkra stund að fá hana til að koma inn til vitnisins af ganginum.

Stúlkan var klædd í skyrtu, peysu og sokka, en að öðruleyti var hún nakin. Stúlkan hélt um háls sér og sagði, að maður hafi ætlað að kyrkja sig, en vitnið tók ekki eftir, hvort áverkamerki voru á hálsi stúlkunnar. Stúlkan talaði síðan í sífellu um, að maðurinn hefði ætlað að drepa sig. Vitnið hringdi á lögreglu og lánaði stúlkunni slopp til að fara í. Vitnið kveðst ekki hafa merkt neina áverka á stúlkunni. Í fyrstu var nokkuð erfitt að skilja stúlkuna, og var hún afskaplega hrædd, en ekki greindi vitnið nein áfengisáhrif á stúlkunni, hvorki af lykt né á annan hátt.

Vitnið BHG s.st., hefur skýrt svo frá, að þennan laugardagsmorgun hafi vitnið verið vaknað, en ekki komið á fætur. Var þá hringt ákaft á dyrabjöllu, og fór vitnið fram í dyrasíma. Vitnið heyrði kallað á hjálp og opnaði vitnið strax. Vitnið athugaði síðan, hvort viðkomandi hefði komist inn, því vitnið óttaðist, að hún væri elt. Vitnið opnaði dyrnar og sá, að stúlka var komin inn, og var hún mjög fáklædd. Vitnið fór og vakti eiginkonu sína,

og fór konan á móti stúlkunni, en vitnið fór inn í svefnherbergi til að klæðast. Stúlkan var klædd í hvíta peysu, hneppa, og var í hvítum stuttum sokkum. Hún var í blússu eða bol innan undir peysunni, en að öðruleyti var hún nakin. Eftir að stúlkan var komin inn í íbúð vitnisins, heyrði vitnið hana skýra frá atburðarás þannig: Hún hafði verið að reyna að ná í pilt, sem hún var með, með því að hringja til hans nokkrum sinnum bæði þá um nóttina og í nokkra daga þar á undan. Frásögn stúlkunnar var nokkuð ruglingsleg varðandi tímasetningar. Hún skýrði vitninu frá því, að hún hefði hringt um nóttina til piltisins, og talaði hún við húsráðanda, sem sagði henni, að von væri á piltinum þá um nóttina. Stúlkan talaði um, að hún hefði verið að reyna að ná í piltinn, vegna þess að hún var ófrísk. Stúlkan fór síðan heim til piltisins til þess að hitta hann, og á meðan hún beið, réðst húsráðandinn á hana. Stúlkan talaði um það, að hann hefði tekið hana kverkataki, og hélt hún mikið um hálsinn og strauk hann á meðan hún var hjá vitninu. Hún talaði líka um það, að hann hefði ætlað að nauðga henni, en hvort það tókst, veit vitnið ekki. Hún gat síðan platað manninn og sloppið þannig frá honum. Í fyrstu var frásögn stúlkunnar mjög ruglingsleg, vegna þess hve hún var í miklu uppnámi, en hún virtist ekki vera undir áhrifum áfengis. Stúlkan var mjög greinilega í mikilli geðs-hræringu og leið illa. Ekki sá vitnið áverka á stúlkunni.

Vitnið Steindór Gunnarsson rannsóknarlögreglumaður hefur skýrt svo frá, að hann hafi farið að Álfrólsvegi 37, Kópavogi, tekið þar ljósmyndir og athugað vettvang. Á gólfi í þvottahúsi lá fatnaður af kvenmanni, síðbuxur og nærbuxur. Vitnið mundi ekki eftir að hafa séð merki um átök, en glerbrot voru neðst í stiganum eða í kjallaranum sjálfum. Ákærði var sofandi, er vitnið kom á heimili hans, og minnir vitnið, að hann hafi verið klæddur í síðbuxur og nærbol. Hann virtist ölvaður og lengi að átta sig á hlutunum.

Vitnið Eggert Norðdal Bjarnason rannsóknarlögreglumaður hefur skýrt svo frá, að lögreglumaður úr lögreglunni í Kópavogi hafi komið með stúlku á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins. Vitnið mundi ekki nákvæmlega, hvernig ástand stúlkunnar var, en vitnið taldi þó þýðingarlaust að yfirheyra stúlkuna í því ástandi, sem hún var í. Var farið með stúlkuna á slysadeild, en vitnið fór ásamt ljósmyndara á vettvang að Álfrólsvegi. Þar hittu þeir fyrir ákærða, og var hann greinilega ölvaður, en leyfði lögreglunni inn-göngu. Í stofu og eldhúsi voru ekki merki um átök, en ummerki þess, að setið hafi verið að drykkju. Í kjallara hússins, í þvottahúsi, voru föt á gólfi, utanyfir- og innanundirbuxur og skór. Þar virtist hafa verið mjög illa um gengið, en erfitt um að segja, hvort átök hefðu átt sér stað. Á ganginum voru glerbrot, og getur verið, að ákærði hafi sagt, að stúlka hefði reynt að henda í hann glasi. Ekki talaði ákærði um átök, en það sem hann sagði,

var mjög ruglingslegt, enda var hann að mati vitnisins verulega undir áhrifum áfengis. Ekki mundi vitnið eftir áverka á honum.

Vitnið Pétur Sveinsson, fyrrverandi aðstoðarvarðstjóri, var kallaður að Álfrólfsvegi 37, þar sem þar væri stödd stúlka, fáklædd og í miklu upp-námi. Vitnið fór á staðinn, en þar var stúlkan fyrir og þá klædd í slopp af húsmóðurinni. Stúlkan var inni stofu, og voru húsráðendur að reyna að tala við hana, en það var tæpast unnt, þar sem stúlkan grét mikið, þess á milli bölvaði hún manni, sem hún talaði um, að hefði reynt að nauðga sér, en hún virtist þekkja hann. Frásögn stúlkunnar var mjög slitrótt. Vitnið minnir, að það hafi farið með stúlkuna á lögreglustöð og síðan til rann-sóknarlögreglu ríkisins eða til læknis. Efir það fór vitnið heim til ákærða. Ákærði kom strax til dyra, en hann var klæddur í buxur og skyrtu og var mikið drukkinn. Uppi var allt í röð og reglu, en á eldhúsborðinu voru áfengisflöskur, sumar tómar, aðrar ekki. Í kjallaranum voru glerbrot á ganginum og fót af stúlkunni í kompu. Ekkert sérstakt benti til, að þarna hefðu orðið átök, annað en það, sem hér að framan er lýst.

Vitnið getur ekki sagt um áfengisáhrif á stúlkunni, en getur trúað, að hún hafi eitthvað verið undir áhrifum. Í upphafi grét hún mikið, og tók hún reiðiköst, en eftir að hún var farin að róast, var ekki unnt að merkja á henni nein áfengisáhrif.

Vitnið Jóhann Magnús Hafliðason lögreglumaður fór að heimili ákærða umræddan morgun ásamt 2-4 öðrum lögreglumönnum. Þeir hringdu nokkuð lengi, áður en ákærði opnaði. Hann virtist nývaknaður, og sýndi hann þeim legubekk og teppi í herbergi nálægt inngangi, en þar sagðist hann hafa legið, er þeir hringdu dyrabjöllu. Ákærði var drukkinn, er hann opnaði, en vitnið telur, að auðsjáanlega hafði hann sofið. Vitnið fór um íbúðina og í kjallara. Þar í þvottahúsi fundu þeir fót af stúlku, þ. á m. nærbuxur, og lágu þau í hrúgu innan við dyrnar. Vitnið man ekki eftir að hafa séð nokkuð, er benti til þess, að þar hefðu orðið átök. Ekki man vitnið eftir að hafa séð glerbrot. Vitnið man eftir glösum og flöskum á borði í eldhúsi þ. á m. flösku með innihaldi, sem álitnið var heimatilbúið.

Ákærði var handtekinn, en hann fór með þeim sjálfviljugur og var mjög kurteis. Ekki mundi vitnið eftir að hafa séð áverka á honum.

Vitnið Sigurður Ólafsson, fyrrverandi lögreglumaður, hefur skýrt svo frá, að hann hafi farið heim til ákærða umræddan morgun ásamt fleiri lögreglumönnum. Það hafi tekið dálitla stund frá því að þeir hringdu dyra-bjöllu og þar til ákærði opnaði. Vitnið heldur, að ákærði hafi verið sof-andi, en hann virtist vera eins og ný „raknaður úr rotinu“, en greinilegt var, að hann hafði verið að drekka. Hann var þó alveg rólegur, full-klæddur, en á fasi hans mátti sjá, að hann var eins og utan gátta, sem vitninu fannst benda til, að ákærði væri nývaknaður. Vitnið fór niður í

kjallara, en ekki treysti vitnið sér til að lýsa því nánar, hvernig umhorfs var í kjallaranum, þar sem langt var um liðið síðan þetta var. Vitnið átti engan frekari þátt í að vinna að máli þessu annan en að handtaka manninn. Vitnið mundi eftir að hafa fundið í eldhúsinu hálfu flösku af spíra svo og glös á borði. Ekki man vitnið eftir glerbrotum, hvorki uppi né í kjallara, en vel geti verið, að þar hafi verið glerbrot, þó vitnið muni ekki eftir þeim. Ekki mundi vitnið eftir að hafa séð fót af stúlkunni.

Vitnið Hannes Thorarensen rannsóknarlögreglumaður hefur skýrt svo frá, að stúlkan hafi verið mjög miður sín, þegar vitnið sá hana fyrst að morgni til á slysavarðstofu. Vitnið fór með stúlkuna til sérfræðings í skoðun, en að skoðun lokinni tók vitnið skýrslu af henni, og var hún þá talsvert búin að jafna sig. Annars var hún í nokkru uppnámi, en róaðist smám saman og var orðin róleg við skýrslutöku. Ekki var hún undir áhrifum áfengis, og var hún mjög skýr í frásögn.

Vitnið S, eiginkona ákærða, óskaði eftir að fá að bera vitni í máli þessu.

Skýrði hún svo frá, að þau hjónin hefðu komið heim umrætt kvöld frá sumarbústað að Úlfljótsvatni. Þau áttu eitthvað af vodka, og drukku þau hjónin það og horfðu á videó. Um kl. 2 var hringt og spurt eftir BR. Vitnið heyrði, að þar var gleðskapur, en stúlkan sagðist heita Ó. Vitnið kannast við stúlkuna, en hún hringdi 4 sinnum þessa sömu nótt, og var erindi hennar að athuga, hvort BR væri heima. Hún spurði, hvort hún mætti koma og bíða eftir honum, en vitnið sagði henni, að það þýddi ekkert. Vitninu heyrðist hún vera mikið drukkin. Í síðasta skiptið, sem hún hringdi, var kl. u.þ.b. 4, og það vitnið stúlkuna um að hringja ekki aftur, þar sem vitnið ætlaði að fara að sofa. Eiginmaður vitnisins var þá sofnaður niðri, en hann sofnaði um kl. 3:15. Vitnið lét hann eiga sig og fór upp að sofa um kl. 4:00. Vitnið sofnaði og vissi ekki neitt fyrr en næsta morgun um kl. 10:30, en þá vaknaði vitnið. Vitnið sofnaði fljótlega um nóttina, eftir að það fór upp, og varð ekki vart við neinn hávaða. Vitnið kvaðst eiga bágð með að sofa, og tók það þess vegna eina svefntöflu.

Vitnið skýrir svo frá, að það hafi verið með ákærða, er hann datt við að koma bátnum upp við Úlfljótsvatn. Hann datt á hliðina og fékk við það áverka á handlegg og læri. Einnig fékk hann áverka á kinnbein á sömu hlið, en ákærði féll alveg flatur við bátinn. Ástæðan var sú, að vitnið missti tak á bátnum, er þau voru í sameiningu að setja bátinn upp.

Vitnið tekur fram, að það hafi sagt það skýrt við stúlkuna, sem hringdi, að ekki væri von á BR heim þá um nóttina. Vitninu var kunnugt um, að BR var farinn að vera með stúlku, sem býr í Engihjalla, og var hann yfirleitt hjá henni á næturnar. Þetta sagði vitnið stúlkunni og jafnframt að það þýddi alls ekki fyrir hana að koma. Þá tekur vitnið fram, að ákærði hafi alltaf verið þekktur fyrir prúðmennsku. Hann hafi unnið lengi á sama stað,

bæði í Austurbæjarbíói og hjá Rafmagnsveitunni og aldrei hafi neitt annað komið fram en gott orð færi af honum. Vitnið hefur þekkt ákærða frá því það var 18 ára og giftist honum, er það var 19 ára.

Ákærði var færður til blóðtöku kl. 11:15 þann 31.júlí 1982, og samkvæmt niðurstöðum rannsókna mældist magn alkóhóls í blóði hans 2.08‰.

Lagðar hafa verið fram ljósmyndir, sem sýna m.a. aðstæður í kjallara á heimili ákærða og fót stúlkunnar, og er ekki af myndum að sjá nein sérstök ummerki á þeim. Eins hafa verið lagðar fram ljósmyndir, er sýna áverka á andliti, olnboga og læri ákærða.

Lagt hefur verið fram vottorð Andrésar Ásmundssonar lækni, sérfræðings í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp, svohljóðandi:

„Hinn 31. júlí 1982 kl. 9:10 skoðaði ég, að beiðni rannsóknarlögreglu ríkisins, í lækningastofu minni í Domus Medica, konu, er kvaðst heita Ó ..., til heimilis að ...

Við skoðun fann ég léttu vínlykt úr vitum konunnar, en hún virtist ekki drukkin og sagði skipulega frá. Plástur var í hægri olnbogabót, að sögn eftir innspýtingu í æð. Hún var í grænum baðslopp og þar undir í blússu og brjóstahaldara en í engu að neðan og skólaus. Engan sýnilegan áverka var að sjá. Leggöng þreifubúst auðveldlega með tveim fingrum (konan kvaðst eiga 1 barn) og leg var stækkað, samsvarandi 6 vikna þungun, enda sagðist hún vera ófrísk. Ekkert blóð sást í leggöngum og ekki fann ég neitt sæði við smásjárskoðun.

Skoðunin hefur ekki sýnt nein merki um ofbeldi eða nauðgun, en buxnaleysi styður sögu konunnar.

Þetta vottast, að viðlögðum drengskap, og má sýna vottorðið fyrir dómstólum.“

Af hálfu Ó var lögð fram bótakrafa og yfirlýsing Sveins Skúlasonar hdl., dags. 12.3 1984, dskj. nr. 13 svohljóðandi:

„Páll Arnór Pálsson hrl., v/Hilmar Þorkelsson, Álfhólsvegi 37, Kópavogi hefur í dag greitt undirrituðum vegna skaðabótakröfu Ó. 34.549.- kr.

Með greiðslu skv. kvittun þessari fellur umbj. minn frá öllum frekari bótakröfum vegna atviks 31.7.1982.“

#### *Niðurstöður.*

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, er í ljós leitt, að stúlkann Ó kom á heimili ákærða aðfaranótt laugardagsins 31. júlí 1982. Hún fór þaðan síðar um nóttina í miklu uppnámi og nakin fyrir neðan mitti, en eftir lágu síðbuxur hennar og nærbuxur saman vöðlaðar á þvottahúsgólfinu heima hjá ákærða.

Stúlkann hefur haldið því fram, að ákærði hafi svipt buxum hennar niður

að hnjám, og verður að leggja þann framburð til grundvallar, enda hefur ákærði sjálfur viðurkennt að hafa leitað á stúlkuna kynferðislega og, án þess að hún hafi áður gefið honum nokkurt tilefni til slíks.

Ákærði hefur ekki getað upplýst frekar um samskipti þeirra í kjallaranum vegna minnisleysis. Þó hefur hann staðfastlega neitað að hafa beitt stúlkuna ofbeldi. Framburð stúlkunnar varðandi ofbeldi ákærða gagnvart henni hefur eigi tekist að staðreyna. Hún hefur sjálf skýrt svo frá, að henni hafi tekist að sleppa frá ákærða með aðferð, sem bendir til, að ákærða hafi alls ekki staðið hugur til að þröngva stúlkunni til holdlegs samræðis. Einnig veikir það framburð stúlkunnar varðandi þetta atriði, að hún var, eins og hún sjálf segir, undir áhrifum áfengis. Þegar þetta er virt svo og það atferli ákærða að leita á stúlkuna kynferðislega á þann hátt, sem að framan er lýst, ber að heimfæra brot ákærða undir 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 118. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, en við munnlegan flutning málsins reifuðu sækjandi og verjandi málið að þessu leyti.

Ákærði er sakhæfur og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

— — —

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin eftir því refsilagaákvæði, sem brot hans varðar við og með vísan til málsatvika fangelsi í 4 mánuði. Með hliðsjón af högum sakbornings svo og því, að hann hefur eigi áður verið sekur fundinn um hegningarlaga brot, og því, að hann hefur greitt stúlkunni bætur, þykir mega fresta fullnustu refsingar í 3 ár frá birtingu dómsins að telja, og falli refsing niður að þeim tíma liðnum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin kr. 18.000,00, og saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 12.000,00.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir, fulltrúi bæjarfógeta í Kópavogi.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Hilmar Þorkelsson, sæti fangelsi í 4 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar, og niður skal hún falla að liðnum 3 árum frá birtingu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun Páls A. Pálssonar hrl., kr. 18.000,00, og saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 12.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.